

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vestfjarða 26. október 2007 í máli nr. Q-1/2007:

Þorgeir Guðmundsson

(Magnús B. Brynjólfsson hdl.)

gegn

Halldóri Gíslasyni,

Báru Gísladóttur og

Guðríði Gísladóttur

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Mál þetta var þingfest 3. október sl. og tekið til úrskurðar 15. sama mánaðar.

Sóknaraðili er Þorgeir Guðmundsson, Bjarnhólastíg 13, Kópavogi.

Varnaraðilar eru Halldór Gíslason, Grænumýri 6, Seltjarnarnesi, Báru Gísladóttir, Fornuströnd 4, Seltjarnarnesi, og Guðríður Gísladóttir, Grundarlandi 2, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess í málinu að dánarbú Halldórs Pálssonar, sem fæddur var 14. maí 1878 og lést 28. mars 1933, verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðilar gera þær kröfur í málinu að synjað verði kröfu sóknaraðila um töku dánarbús Halldórs Pálssonar til opinberra skipta. Verði sú krafa allt að einu tekin til greina krefjast varnaraðilar þess að skiptabeiðanda verði gert að setja tryggingu fyrir kostnaði af skiptameðferð búsins.

I.

Með bréfi 18. desember 2006, mál nr. D-3/2006 hér við dóminn, krafðist sóknaraðili þess að dánarbú Halldórs Pálssonar, sem fæddur var 14. maí 1878 og lést 28. mars 1933, og eiginkonu hans, Guðríðar Mósesdóttur, er fædd var 7. júlí 1876 og lést 7. nóvember 1963, yrði tekið til opinberra skipta. Í bréfi sóknaraðila kom fram að Halldór og Guðríður hefðu eignast fimm börn, sem upp hefðu komist, þau Pál, Guðmund, Margréti, Aðalheiði og Helgu. Þau munu nú öll vera látin og segir sóknaraðili í tilvitnuðu bréfi líklegt að tólf barnabörn Halldórs og Guðríðar muni hafa uppi kröfur um arf eftir þau, þar með taldir aðilar þessa máls.

Með bréfi 21. febrúar 2007 beindi dómurinn því auk annars til sóknaraðila að upplýsa um með hvaða hætti skiptum á dánarbúi Halldórs Pálssonar hefði lokið á sínum tíma. Með bréfi dómsins 16. apríl 2007 voru þessi tilmæli ítrekuð og sóknaraðila veittur frestur til 7. maí sl. í ofangreindum tilgangi, áður en dómurinn veldi annan þeirra kosta sem hann hefði um meðferð kröfu sóknaraðila, sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Mál nr. D-3/2006 var þingfest 3. október sl. Í þinghaldinu féll sóknaraðili frá þeirri kröfu að dánarbú Guðríðar Mósesdóttur yrði tekið til opinberra skipta, en ítrekaði kröfu sína hvað dánarbú Halldórs varðaði. Mótmæltu varnaraðilar þeirri kröfu sóknaraðila og var mál þetta þá þegar þingfest í samræmi við ákvæði 1. mgr. 120. gr. laga nr. 20/1991.

II.

Á framlögðu þinglýsingarvottorði fyrir jörðina Hrafnfjarðareyri, Ísafjarðarbæ, kemur fram að Halldór Pálsson sé eigandi jarðarinnar ásamt tveimur öðrum, Páli Pálssyni og Hirti Guðmundssyni, samkvæmt afsali frá 9. ágúst 1919. Upplýst er með bréfi sýslumannsins í Reykjavík frá 15. janúar 2007 að samkvæmt bókum þess embættis var dánarbú Guðríðar Mósesdóttur, sem eins og áður segir lést árið 1963, lýst eignalaust af syni hennar og Halldórs, Páli Halldórssyni.

Með kaupsamningi-afsali 12. desember 2006 afsöluðu „... lögerfingjar fjögurra af fimm börnum Halldórs Pálssonar ...“, þar með talinn sóknaraðili málsins, til Guðmundar Bergmann „... 4/5 af 1/3 eða 4/15 hlutar af jörðinni Hrafnfjarðareyri, með Álfsstöðum, í Grunnavíkurbreppi.“ Varnaraðilar málsins voru ekki aðilar að umræddum löggerningi.

Eftir að sóknaraðili setti fram kröfu sína um að dánarbú Halldórs Pálssonar yrði tekið til opinberra skipta var leit gerð að gögnum, bæði hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði og á Þjóðskjalasafni Íslands, sem varpað gætu ljósi á hvort, og þá eftir atvikum með hvaða hætti, skipti hefðu farið fram á dánarbúi Halldórs Pálssonar í kjölfar andláts hans árið 1933. Enginn árangur varð af þeirri leit.

III.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt bréfi sýslumannsins í Reykjavík frá 15. janúar 2007 bendi ekkert til þess að Guðríður Mósesdóttir, ekkja Halldórs Pálssonar, hafi setið í óskiptu búi eftir mann sinn.

Sóknaraðili segir engin gögn hafa fundist um að átt hafi sér stað uppskriftar- eða virðingargjörð á búi Guðríðar Mósesdóttur. Þá liggja heldur ekki fyrir beiðni hennar um setu í óskiptu búi þrátt fyrir að börn þeirra Halldórs Pálssonar hafi öll verið orðin lögráða 1933.

Þar sem ekkert liggja fyrir um að skipt hafi verið samkvæmt fjórða eða fimmta kafla eldri skiptalaga nr. 3/1878 kveður sóknaraðili verða að ætla að skipta hefði átt búi Halldórs Pálssonar eftir öðrum kafla laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum, sbr.

sjötta kafla laga nr. 20/1923.

Sóknaraðili tekur sérstaklega fram að hann telji sig hafa lögvarða hagsmuni af því að dánarbú Halldórs Pálssonar verði tekið til opinberra skipta, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem hann sé erfingi að dánarbúinu, sem enn hafi ekki verið formlega skipt, sbr. og 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Kveður sóknaraðili í þessu sambandi engu breyta að hann hafi þegar ráðstafað sínum eignarhluta í jörðinni Hrafnfjarðareyri, Hrafnfirði, Ísafjarðarbæ, þar sem enn hafi ekki verið gengið frá stofnskjali varðandi eignarhlutann, svo sem lög geri ráð fyrir. Ekki verði gengið frá stofnskjali nema dánarbúið verði tekið til opinberra skipta og sé það skylda allra aðila, bæði varnar- og sóknaraðila, að þinglýsa stofnskjali um jörðina svo þinglýsa megi kaupsamningi og afsali um hluta jarðarinnar, eða hana alla ef því sé að skipta. Um þessi atriði vísar sóknaraðili til 13. gr. jarðalaga nr. 81/2004, 14. gr. og 17. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna og 6. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1987.

Að lokum vísar sóknaraðili til þess að hann hafi, að kröfu dómsins, lagt fram tryggingu að fjárhæð 250.000 krónur. Samkvæmt því og öðru framangreindu sé ekkert því til fyrirstöðu að taka dánarbú Halldórs Pálssonar til opinberra skipta.

Til stuðnings kröfu sinni vísar sóknaraðili til 38. gr., sbr. 41. og 42. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

IV.

Varnaraðilar vísa til þess að rúmlega 74 ár séu liðin frá andláti Halldórs Pálssonar. Framlögð gögn beri með sér að örðugt hafi reynst að fá fulla vissu um hvernig farið hafi verið með eignir dánarbús hans. Halldór hafi verið útgerðarmaður og átt afar reisulega fasteign á svokallaðri Brekku í Hnífsdal, þaðan sem hann hafi gert út, og þótt vera með afbrigðum fengsæll formaður. Þó svo vera kunni að eignir úr dánarbúinu hafi verið seldar á uppboði eftir lát Halldórs, sem varnaraðilar taka fram að þeir hafi ekki vitneskju um, þá sé ekki þar með sagt að um nauðungarsölu hafi verið að ræða, enda hefðu þá gögn um það átt að finnast í uppboðsbókum sýslumannsins á Ísafirði. Þá kveða varnaraðilar sömuleiðis heldur ólíklegt að eignarhluti Halldórs í Hrafnfjarðareyri hefði orðið útundan hefði dánarbú hans ekki átt fyrir skuldum.

Í ljósi þess að ekkert finnist um formlega afgreiðslu dánarbús Halldórs í skjölum sýslumanns og ekki heldur á Þjóðskjalasafninu telja varnaraðilar að líta beri svo á að ekkja Halldórs hafi í raun setið í óskiptu búi með börnum sínum þar til hún lést. Samkvæmt því ætti að beina beiðni um skipti á búinu til Héraðsdóms Reykjavíkur því ekkjan hafi verið búsett í Reykjavík á dánardægri sínu.

Varnaraðilar byggja kröfu sína einnig á því að sóknaraðili hafi enga lögvarða hagsmuni af því að opinber skipti fari fram á dánarbúi Halldórs. Í skjali sem skiptabeiðni sóknaraðila fylgi, kaupsamningi um hluta jarðarinnar Hrafnfjarðareyri, komi fram að hann, sem og aðrir þeir sem tilgreindir séu sem seljendur í skjalinu, hafi selt þann hlut sem þeir telji sig hafa átt tilkall til úr jörðinni. Skiptabeiðandi hafi ekki bent á neinar eignir sem tilheyri dánarbúinu, aðrar en hluta í jörðinni Hrafnfjarðareyri. Hann eigi þess vegna ekki kröfu á því að dánarbúið verði tekið til opinberra skipta.

Að endingu halda varnaraðilar því fram að verði allt að einu fallist á kröfu sóknaraðila verði hann að setja tryggingu fyrir kostnaði við skiptin þar sem ljóst sé að hann og flestir hinna lögerfingjanna hafi þegar selt það sem þeir hefðu getað átt tilkall til af andvirði jarðarinnar Hrafnfjarðareyri.

V.

Í bréfi sýslumannsins í Reykjavík 15. janúar 2007 til lögmanns sóknaraðila segir að samkvæmt bókum embættisins hafi dánarbú Guðríðar Mósesdóttur, síðast til heimilis að Snorrabraut 81, Reykjavík, verið lýst eignalaust af Páli Halldórssyni. Engin gögn liggja fyrir í málinu um að Guðríður hafi setið í óskiptu búi eftir andlát Halldórs Pálssonar. Er ekkert upplýst í málinu um afdrif eigna, eða eftir atvikum skulda, Halldórs eftir andlát hans, annað en það að hann er enn þinglýstur eigandi hluta jarðarinnar Hrafnfjarðareyrar. Þá hefur ekkert komið fram um að Guðríður hafi haft umráð búsins eftir andlát Halldórs. Að þessu virtu þykir ófært að líta svo á að Guðríður hafi í raun setið í óskiptu búi eftir andlát Halldórs, svo sem varnaraðilar halda fram í málinu.

Í kaupsamningi um jörðina Hrafnfjarðareyri frá 9. ágúst 1919 kemur fram að Halldór Pálsson hafi við gerð samningsins verið útvegsbóndi í Hnífsdal við Ísafjarðardjúp. Í framlögðum tölvupósti frá Guðrúnu Ásu Grímsdóttur, höfundu Grunnvíkingabókar I, til fulltrúa sýslumannsins á Ísafirði, kemur meðal annars fram að í ritinu Vestfirzrum ættum, útgefnu 1959, segi frá Halldóri Pálssyni í Hnífsdal er druknað hafi af mótorbátnum Páli 28. mars 1933. Tilvitnuð frásögn bendir til þess að Halldór hafi enn verið búsettur í Hnífsdal á dánardægri sínu og þá hefur ekkert fram komið í málinu sem bendir til hins gagnstæða. Sóknaraðila var því rétt að beina hinni umdeildu kröfu til Héraðsdóms Vestfjarða, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 20/1991, svo sem hann gerði með bréfi sínu 18. desember 2006.

Í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 segir að hafi skiptum ekki verið lokið skv. 25.-27. gr. laganna skuli dánarbú tekið til opinberra skipta ef erfingi krefjist þess. Svo sem áður er rakið liggur ekkert fyrir um það í málinu að skiptum á dánarbúi Halldórs Pálssonar hafi verið lokið.

Staðreynd er að sóknaraðili er barnabarn Halldórs Pálssonar, en Guðmundur, faðir sóknaraðila, var sonur Halldórs. Þá er einnig upplýst að foreldrar sóknaraðila eru látnir. Sóknaraðili er því erfingi Halldórs í skilningi 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Þó svo fyrir liggja að sóknaraðili hafi selt ætlaðan arfshluta sinn í jörðinni Hrafnfjarðareyri verður því ekki slegið föstu, eins og mál þetta liggur fyrir, að hann hafi enga lögvarða hagsmuni af því að opinber skipti fari fram á dánarbúi Halldórs. Samkvæmt því og öðru framangreindu, og þar sem sóknaraðili hefur að kröfu dómsins, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 20/1991, sett tryggingu fyrir kostnaði af skiptum dánarbúsins, þykir verða að fallast á kröfu sóknaraðila um að dánarbú Halldórs Pálssonar verði tekið til opinberra skipta.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Dánarbú Halldórs Pálssonar, sem fæddur var 14. maí 1878 og lést 28. mars 1933, þá búsettur í Hnífsdal við Ísafjarðardjúp, er tekið til opinberra skipta.

Kristinn Halldórsson.